

HAGAMÚS

Á Íslandi eru fá landspendýr en hagamúsin er eitt þeirra. Hún er nagdýr og kom líklega til Íslands með skipum landnámsmanna á 10. öld.

Hagamús er mjög smávaxin, um 9 cm á lengd en skottið hennar er 8 cm, næstum því jafnlangt og músin sjálf. Hagamýs finnast alls staðar þar sem gróður vex. Fræ eru aðalfæða hagamúsa, en þær eru alls ekki matvandar og éta flest sem getur talist ætilegt, svo sem skordýr og snigla. Þær grafa sér holur sem eru eins og göng og safna þar forða svo þær eigi næga fæðu fyrir veturinn.

Hagamýs sjá og heyra mjög vel. Þær eru félagslynd dýr og búa margar saman yfir vetrartímann, en á sumrin halda kvenmýsnar sig út af fyrir sig með ungana sína en karlmýsnar taka ekki þátt í uppeldinu.

